

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting – Björkurstykki á Selfossi.

Breytingar á gildandi deiliskipulagi felast í eftirfarandi:

1. Göngustígum milli lóða við Urðarstekk er fækkað um þrjá og í staðinn er búið til grænt svæði með göngustíg, sem framlenging á grænu belti sunnan við skólalóð. Í tengslum við það minnka lóðir 15-17 og 19-21 lítið eitt og aðkoman að þeim breytist örlítið.
2. Lóð/byggingarreitur fyrir spennistöð er færður frá grænu svæði við Urðarstekk 23 á grænt svæði gengt lóðinni Urðarstekk 19. Þá er gerður reitur fyrir grenndargáma við Urðarstekk 23 og á horni lóðar nr. 7 við Eyrarstekk, og minnkar sú lóð sem því nemur.
3. Gerð er ný lóð/byggingarreitur fyrir tengistöð GR við hlið spennistöðvar á grænu svæði við Björkurstekk. Lóð spennistöðvar er jafnframt hnikað til um nokkra metra.
4. Mörk skipulags sunnan við hverfið eru færð um 6 m til suðurs og þannig búið til pláss fyrir lagnabeð sunnan við Hólasteck.
5. Byggingarreitur skólalóðar er útvíkkaður til austurs.
6. Samhliða breytingu á uppdrætti er gerð breyting á kafla 5, sérákvæði fyrir einstakar lóðir, í skilmálum skipulagsins. Breytingin nær til kafla 5.3 parhús og 5.4 raðhús og fjallar um að settar eru kvaðir um að hver íbúðareining verði að hafa minnst 6 horn í útveggjum. Þá breytist nýtingarhlutfall lóðarinnar Heiðarstekkur 2.

Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar 17. febrúar 2021.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi – Austurás á Selfossi.

Breyting á gildandi deiliskipulagi felst í stækkun byggingarreits 2, til suðurs, þar sem stefnt er að byggingu vélaskemmu. Fyrir er reiðhöll á byggingarreit 2.

Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar 17. febrúar 2021.

Breyting á deiliskipulagi – Fagri-Tangi á Selfossi.

Markmið breytingar á gildandi deiliskipulagi er að sýna núverandi stöðu á lóðinni Fagra-Tanga eftir sameiningu lóðanna Tanginn og Tanginn 2. Breytingin felur í sér að auki heimild fyrir afmörkun byggingarreita fyrir bílskúr og gróðurhús.

Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar 20. janúar 2021.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 16. júní 2021.

F.h. bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar,
Anton Kári Halldórsson skipulagsfulltrúi.